

Leikholt 10/5 2017



Umhverfisnefndarfundur 10. maí 2017

Mættir: Sirrý, Haukur, Tjorven, Kristín Ágústa, Jörundur, Árún Emma, Hrafn Óli, Alexíus, Magnús Örn, Óðinn Þór, Tryggvi Hrafn, Oliwia, Jakob Örn, Reimar Atli, Magnús Veigar, Gunnlaugur og Tina.

- Fundur var settur
- Upprifjun á því sem við erum búin að vera að gera í vetur. Farið yfir flokkunarreglur og vafaatriði. Rætt um ástæðu þess að við erum að flokka sorp – heilmikil umræða.
- Ræddum um flokkun heima. „Hugsið þið áður en þið hendið?“ Eru mamma og pabbi dugleg að flokka? Já og já ☺. Mikil umræða skapaðist.
- Hvað er hægt að búa til úr endurunnu sorpi? Rosalega margt. Notuðum veggspjaldið og ræddum þetta fram og til baka.
- Þegar þið verðið fullorðin, verðið þið þá enn dugleg að flokka? Ó já þau voru sko alveg viss um það.
- Vorhátíð 2. Júní, afhending 3ja Grænfána – VONANDI ☺
- Fundi slitið